

Þriðjudaginn 30. nóvember 1993.

Nr. 484/1993. **Lögreglustjórinn í Reykjavík**

gegn

Arnari Steinþórssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Varnaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 24. nóvember 1993, sem barst Hæstarétti 25. sama mánaðar. Hann krefst þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur, en til vara, að gæsluvarðhaldi verði markaður skemmri tími en í hinum kærða úrskurði.

Sóknaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Eins og atvikum er háttað í máli þessu, þykir bera að staðfesta hinn kærða úrskurð með skírskotun til forsendna hans.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 23. nóvember 1993.

Lögreglustjórinn í Reykjavík hefur krafist þess, að Arnari Steinþórssyni, kt. 190663-4349, til heimilis að Tryggvagötu 4, Reykjavík, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til kl. 16.00 þriðjudaginn 7. desember nk. vegna grunar um brot gegn l. nr. 65/1974 um ávana- og fíkniefni og reglugerð nr. 16/1986 um sölu ávana- og fíkniefna.

— — —

Af öllu framansögðu þykir rökstuddur grunur vera um, að kærði hafi átt aðild að kaupum og innflutningi á fíkniefnum. Brot þessi geta varðað kærða fangelsisrefsingu lögum samkvæmt. Rannsókn málsins er ekki lokið, og er eftir að hafa upp á og yfirheyra Guðmund Böðvarsson, Jónas Ólafsson, sem býr í Danmörku, og hugsanlega fleiri aðila. Kærði var handtekinn síðastliðinn föstudag og látinn laus daginn eftir að aflokinni yfirheyrslu. Kærði var handtekinn að nýju í gærkvöld, þar sem frekari upplýsingar höfðu komið fram um aðild hans að máli þessu. Þrátt fyrir það að kærði hafi farið frjáls ferða sinna í rúma tvo sólarhringa eftir yfirheyrslu hjá lög-

reglu 19. og 20. nóvember sl., þykir enn hættu á, að kærði geti torveldað rannsókn málsins með því að hafa áhrif á vitni eða hugsanlega samseka, fari hann nú frjáls ferða sinna. Þykir því verða að taka kröfu lögreglustjórans í Reykjavík um gæsluvarðhald á hendur kærða til greina. Þó þykir nægjanlegt, að kærði sæti gæsluvarðhaldi til föstudagsins 3. desember nk. kl. 16.00.

Úrskurðinn kvað upp Ragnheiður Bragadóttir, fulltrúi dómstjóra.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Arnar Steinþórsson, sæti gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 3. desember 1993 kl. 16.00.
